

FYRIRBURAFÆÐING - ÁHÆTTUÞÆTTIR OG SKIMUN

Þeir þættir sem hafa best forspárgildi fyrir áhættu á fyrirburafæðingu í einburameðgöngu eru saga um fyrri fyrirburafæðingu og legháls lengd um miðja meðgöngu.

ÁHÆTTUÞÆTTIR

- Fyrri saga um fósturmissi við 16+0 – 21+6 vikur og/eða fyrirburafæðingu við 22+0 – 34+0 vikur
- Líffræðileg frávík í legi
- Saga um keisaraskurð á fulla útvíkkun
- Fyrri saga um óvenju stóran keiluskurð, keiluskurð <3 mánaða fyrir meðgöngu eða fleiri en einn keiluskurður. Sjá [vinnuleiðbeiningar](#): Keiluskurður og meðganga

EFTIRLIT Á MEÐGÖNGU

Ef 1 á við:

- Tilvísun til læknis í áhættumeðgönguvernd við 16-18 vikur ef saga um 1 tilfelli en á fyrsta þriðjungi ef saga um 2 eða fleiri tilfelli

Ef 2 á við:

- Tilvísun til læknis í áhættumeðgönguvernd við 16-18 vikur

Ef 3 og/eða 4 eiga við:

- Ljósmóðir sendir beiðni um leghálsmælingu samhliða 20 vikna ómskoðun